

Erindi nr. P 140/2341
Erindi nr. P 140/2341
komudagur 17.11.2011

Kópavogi, 17. nóvember 2011

Velferðarnefnd Alþingis

b.t. Nefndasviðs Alþingis

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um lyfjalög (gildistaka ákvæðis um smásölu), 170. mál

Lyfja hf. lýsir sig andvíga frumvarpi þessu. Ástæðurnar eru eftirfarandi:

- 1. Óeðlileg samkeppnismismunun á milli heilðsölu og smásölu.** Með lögum nr. 97/2008 um breytingu á lyfjalögum var gert ráð fyrir að heilðsalar og smásalar lyfja tilkynntu mánaðarlega um verð er gildi í mánuð í senn þ.e. afslættir bæði í heilðsölu lyfja og smásölu eins og áður þekktust yrðu lagðir af. Rökin fyrir þessum breytingum voru m.a. þau að gera verðlagningu lyfja gegnsærri og horft var til svipaðs fyrirkomulags á hinum norðurlöndunum, einkum í Danmörku. Þar er þó sama sama smásöluverð í öllum apótekum.


Ákvæðinu um smásölu hefur ítrekað verið frestað en bann við að veita afslætti í heilðsölu tók gildi. Þetta hefur valdið óeðlilegri samkeppnismismunun á milli heilðsölu og smásölu lyfja. Heilðsalar þ.e. lyfjaframleiðendur og umboðsmenn þeirra hér á landi hafa verið „stikkfrí“ í samkeppninni. Þeir afslættir sem smásalar sóttu áður til lyfjaheilðsala og veittu síðan viðskiptavinum apóteka urðu eftir hjá heilðsölum. Veruleg verðsamkeppni ríkir hins vegar í smásölu lyfja.
- 2. Áfram verður samkeppni í smásölu þó að frumvarpið nái ekki fram að ganga.** Samkeppni er af hinu góða þar sem henni verður við komið. Lyfja hf. hefur verið í forystu um aukna samkeppni á lyfjamarkaði allt frá stofnun árið 1996. Alþingi ákvað hins vegar með lögum nr. 97/2008 um breytingu á lyfjalögum að taka upp svipað kerfi og í Danmörku. Þar er sama smásöluverð á lyfseðilsskyldum lyfjum í öllum apótekum. Með ákvæði 10. gr. laga nr. 97/2008 geta smásalar áfram boðið lægra verð en hámarksverð með tilkynningu til Lyfjagreiðslunefndar. Við teljum eðlilegast að öll ákvæði laganna nr. 97/2008 taki gildi eða þá að sú breyting verði gerð að smásölum verði heimilt á ný að leita betri viðskiptakjara hjá heilðsölum.
- 3. Afslættir í apótekum munu væntanlega leggjast af þegar nýtt greiðsluþátttökakerfi kemst í gagnið.** Nú liggur fyrir Alþingi frumvarp um breytta greiðsluþátttöku ríkisins í

lyfjakostnaði. Verði það að lögum er líklegt að afslættir í núverandi formi leggist af og sama verð á lyfseðilsskyldum lyfjum verði í öllum apótekum. Það kemur til af því að afsláttur af lyfjaverði í apóteki mun seinka því að viðkomandi einstaklingur nái upp í þau mörk sem lækka lyfjakostnað hans. Við teljum því við ástæðulaust að samþykkja það frumvarp sem hér er til umfjöllunar ef innan nokkurra mánaða leggist afslættir í apótekum af.

Við erum reiðubúin að veita velferðarnefnd Alþingis frekari upplýsingar til að rökstyðja skoðun okkar.

Með kveðju

LYFJA HF.



Sigurbjörn Gunnarsson

framkvæmdastjóri